

Greiðslumiðlunin Hringur ehf.

Samandreginn árshlutareikningur 30. júní 2023

Efnisyfirlit**bls.**

Árshlutasýrsla stjórnar	2
Rekstrarreikningur og yfirlit yfir heildarafkomu	3
Efnahagsreikningur	4
Yfirlit yfir breytingar á eigin fé	5
Sjóðstreymi	6
Skýringar	7 - 9

Greiðslumiðlunin Hringur ehf.

Kennitala 470110-0740

Austurbakka 2, 101 Reykjavík

Árshlutaskýrsla stjórnar

Meginstarfsemi félagsins

Greiðslumiðlunin Hringur ehf. er hluti af samstæðu Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúss ohf. (Harpa ohf.) og hefur þann tilgang að taka lán til byggingar Tónlistar- og ráðstefnuhússins Hörpu við Austurhöfn í Reykjavík og annast greiðslumiðlun lánsins í samræmi við samninga.

Framlag ríkis og Reykjavíkurborgar vegna byggingar og fjármögnunar Hörpu gengur að öllu leyti til greiðslu á lántöku og er veðsett, á móti skuldum félagsins. Framlagið byggir á samningi um rekstur og starfsemi Hörpu þar sem Íslenska ríkið og Reykjavíkurborg skuldbinda sig til að greiða mánaðarlega framlag í 35 ár til Hörpu. Upphafsgreiðsla var í mars 2011 og greiðslu lýkur árið 2046.

Starfsemin á tímabilinu

Samkvæmt rekstrarreikningi nam hagnaður félagsins á tímabilinu 578 þúsundum króna og eigið fé var jákvætt um 2.764 þúsund krónur. Að öðru leyti vísast til árshlutareiknings um rekstur félagsins á tímabilinu og fjárhagsstöðu í lok þess.

Yfirlýsing

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og framkvæmdastjóra er árshlutareikningur félagsins saminn í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34, og gefur glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu félagsins þann 30. júní 2023 ásamt fjárhagsstöðu og rekstrarafkomu á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2023.

Það er álit stjórnar og framkvæmdastjóra að árshlutareikningur félagsins ásamt ofangreindri árshlutaskýrslu gefi skýra mynd af stöðu félagsins, lýsi helstu áhættu- og óvissuþáttum og greini frá meiri háttar viðskiptum við tengda aðila.

Stjórn Greiðslumiðlunarinnar Hringur ehf. og framkvæmdastjóri staðfesta hér með árshlutareikning félagsins fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2023 með áritun sinni.

Reykjavík, 30. ágúst 2023.

Svanhildur Konráðsdóttir
stjórnarmaður

Berglind Ólafsdóttir
framkvæmdastjóri

Rekstrarreikningur og yfirlit yfir heildarafkomu tímabilið 1. janúar til 30. júní 2023

	Skýr	2023 01.01 - 30.06	2022 01.01 - 30.06
Rekstrartekjur			
Rekstrarframlag frá móðurfélagi		3.600.000	3.600.000
Rekstrargjöld			
Aðkeypt þjónusta		3.018.953	5.068.767
Annar rekstrarkostnaður		1.801	2.330
		<u>3.020.754</u>	<u>5.071.097</u>
Rekstrarhagnaður (-tap)		579.246	(1.471.097)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Hreinar fjármunatekjur (fjármagnsgjöld)	4	(1.498)	5.333
		<u>(1.498)</u>	<u>5.333</u>
Heildarafkoma, hagnaður (-tap) tímabilsins		<u>577.748</u>	<u>(1.465.764)</u>
Heildarafkoma, hagnaður (-tap) tímabilsins, skiptist á eftirfarandi hátt:			
Eigendur félagsins		577.748	(1.465.764)

Efnahagsreikningur 30. júní 2023

Eignir	Skýr	30.06.2023	31.12.2022
Fastafjármunir			
Áhættufjármunir og langtímakröfur:			
Langtímakrafa á tengd félög	5	<u>21.902.214.734</u>	<u>21.169.744.506</u>
		21.902.214.734	21.169.744.506
Veltufjármunir			
Afborgun næstu 12 mánaða af langtímakröfu á tengd félög	5	660.210.398	563.411.482
Kröfur á tengd félög, áfallnir vextir langtímakröfu	7	30.951.742	30.731.705
Skammtímakröfur og fyrirframgreiddur kostnaður		25.711	25.711
Handbært fé		<u>2.071.462</u>	<u>2.071.864</u>
		693.259.313	596.240.762
Eignir samtals		<u><u>22.595.474.047</u></u>	<u><u>21.765.985.268</u></u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Hlutfé		500.000	500.000
Lögbundinn varasjóður		125.000	125.000
Óráðstafað eigið fé		<u>2.138.538</u>	<u>1.560.790</u>
		2.763.538	2.185.790
Skuldir			
Langtímaskuldir:			
Skuldir í íslenskum krónum	6	<u>21.902.214.734</u>	<u>21.169.744.505</u>
		21.902.214.734	21.169.744.505
Skammtímaskuldir:			
Afborgun næstu 12 mánaða af langtímaskuldum	6	660.210.398	563.411.482
Áfallnir vextir langtímalána		28.921.933	30.001.754
Viðskiptaskuldir		<u>1.363.444</u>	<u>641.737</u>
		690.495.775	594.054.973
Skuldir samtals		22.592.710.509	21.763.799.478
Eigið fé og skuldir samtals		<u><u>22.595.474.047</u></u>	<u><u>21.765.985.268</u></u>
Reikningsskilaaðferðir og mat	1, 2, 3		
Aðrar upplýsingar	7 - 8		

Yfirlit um breytingar á eigin fé frá 1. janúar til 30. júní 2023

	Hlutfé	Lögbundinn varasjóður	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Hreyfingar 2022:				
Eigið fé 1. janúar 2022	500.000	125.000	790.122	1.415.122
Heildarafkoma, tap janúar til júní			(1.465.764)	(1.465.764)
Staða 30. júní 2022	<u>500.000</u>	<u>125.000</u>	<u>(675.642)</u>	<u>(50.642)</u>
Eigið fé 1. júlí 2022	500.000	125.000	(675.642)	(50.642)
Heildarafkoma, hagnaður júlí til desember			2.236.432	2.236.432
Staða 31. desember 2022	<u>500.000</u>	<u>125.000</u>	<u>1.560.790</u>	<u>2.185.790</u>
Hreyfingar 2023:				
Eigið fé 1. janúar 2023	500.000	125.000	1.560.790	2.185.790
Heildarafkoma, hagnaður janúar til júní			577.748	577.748
Staða 30. júní 2023	<u>500.000</u>	<u>125.000</u>	<u>2.138.538</u>	<u>2.763.538</u>

Sjóðstreymi 1. janúar til 30. júní 2023

	2023 01.01 - 30.06	2022 01.01 - 30.06
Rekstrarhreyfingar		
Hreint veltufé frá rekstri (til rekstrar):		
Rekstrarhagnaður (-tap) fyrir fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	579.246	(1.471.097)
Mótteknir vextir og verðbætur	392.033.493	366.969.134
Greiddir vextir og verðbætur	(392.034.991)	(366.963.801)
	(1.498)	5.333
Hækkun rekstartengdra eigna:		
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	(220.036)	(1.344.958)
Hækkun (lækkun) rekstartengdra skulda:		
Skammtímaskuldir	(358.114)	8.467.090
	(578.150)	7.122.132
Handbært fé (til rekstrar) / frá rekstri	(402)	5.656.368
Fjárfestingarhreyfingar		
Innborganir frá móðurfélagi	312.108.495	274.370.856
	312.108.495	274.370.856
Fjármögnunarhreyfingar		
Afborganir langtímalána	(312.108.495)	(274.370.856)
	(312.108.495)	(274.370.856)
(Lækkun) / hækkun á handbæru fé	(402)	5.656.368
Handbært fé í byrjun árs	2.071.864	4.653
Handbært fé í lok tímabilsins	2.071.462	5.661.021

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Greiðslumiðlunin Hringur ehf. er hluti af samstæðu Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúss ohf. (Hörpu ohf) og hefur þann tilgang að taka lán til byggingar Tónlistar- og ráðstefnuhússins Hörpu við Austurhöfn í Reykjavík og annast greiðslumiðlun lánsins í samræmi við samninga.

Greiðslumiðlunin Hringur ehf. er með heimilisfesti á Íslandi. Heimilisfang er skráð að Austurbakka 2, 101 Reykjavík.

Stjórn félagsins samþykkti þessi reikningsskil 30. ágúst 2023.

2. Reikningsskilaaðferðir

Helstu reikningsskilaaðferðir sem beitt var við gerð þessara reikningsskila eru tilgreindar hér á eftir. Þessum aðferðum var beitt á samræmdan hátt á bæði tímabilin sem sett eru fram, nema annað sé tekið fram.

2.1 Grundvöllur reikningsskila

Samandreginn árs hlutareikningur Greiðslumiðlunarinnar Hringur ehf. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2023 er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árs hlutareikninga IAS 34. Samandregni árs hlutareikningurinn inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í ársreikningi og ætti því að lesa með hliðsjón af ársreikningi félagsins fyrir árið 2022.

Gerð árs hlutareikninga í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að notaðar séu tiltekna aðferðir við reikningshaldslegt mat. Stjórnendur félagsins þurfa jafnframt að ákvarða notkun tiltekinna reikningsskilaaðferða. Sérstaklega er greint frá þessum aðferðum í skýringu nr. 3.

2.2 Starfspáttaskýrslur

Starfspáttur er skilgreindur sem aðgreinanlegur hluti í rekstri fyrirtækis sem aftar tekna og leggur út gjöld, og sem reiknað er út rekstrarniðurstöðu sem stjórnendur félagsins yfirfara reglulega og nota til að taka ákvarðanir um það hvaða fjármuni á að leggja til starfspáttarins, og meta í framhaldi af því fjárhagslegan árangur hans.

Félag sem er með verðbréf á opinberum hlutabréfamarkaði eða ætlar gefa að út verðbréf sem verða þar í viðskiptum þurfa að aðgreina sína starfspætti og birta starfspáttaskýrslur í ársreikningi sínum. Greiðslumiðlunin Hringur ehf. hefur aðeins einn starfspátt sem hægt er að aðgreina sérstaklega miðað við ofangreinda skilgreiningu, sem er að taka lán til byggingar Tónlistar- og ráðstefnuhússins Hörpu við Austurhöfn í Reykjavík og annast greiðslumiðlun lánsins í samræmi við samninga. Því birtir félagið ekki sérstakt starfspáttayfirlit þar sem stjórnendur félagsins skoða eingöngu niðurstöðu fyrir félagið í heild við ákvarðanir sínar.

3. Mikilvæg atriði sem varða reikningshaldslegt mat

Við gerð þessa samandregna árs hlutareiknings voru aðferðir stjórnenda félagsins við að beita reikningsskilaaðferðum þær sömu og notað var við gerð ársreiknings félagsins 31. desember 2022. Vísast til ársreikningsins hvað varðar nánari upplýsingar um reikningsskilaaðferðir.

Félagið leggur mat á þætti er varða reikningsskilin og gefur sér forsendur varðandi framtíðina. Eðli máls samkvæmt getur raunveruleg niðurstaða orðið önnur en gefnar forsendur.

Við núverandi aðstæður eru engir matskenndir liðir í árs hlutareikningi félagsins sem geta falið áhættu á verulegri skekkju í mati á eignum og skuldum í reikningsskilum félagsins. Núverandi aðstæður byggjast á mati á mótaðilaáhættu á íslenska ríkið og Reykjavíkurborg.

Skýringar

4. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)

	2023	2022
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig:	01.01 - 30.06	01.01 - 30.06
Vaxtatekjur og verðbætur af greiðslumiðlun innan samstæðu Hörpu ohf.	1.532.396.692	1.413.866.541
Vaxtagjöld og verðbætur af skuldabréfaflokki HARP 46 0217	(1.532.396.692)	(1.413.866.541)
Gengismunur	<u>(1.498)</u>	<u>5.333</u>
	<u>(1.498)</u>	<u>5.333</u>

5. Langtímakröfur á tengd félög

Langtímakrafa á tengd félög er krafa á móðurfélagið Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhús ohf. Krafan endurspeglar langtímaskuld félagsins, en félagið hefur selt skuldabréf á markaði til fjármögnunar á tónlistar- og ráðstefnuhúsi við Austurhöfn í Reykjavík. Lánið er endurlánað til Hörpu ohf. og eru kjör á milli félaga þau sömu og á skuldabréfinu.

Krafan kemur þannig fram í efnahagsreikningi:	30.06.2023	31.12.2022
Afborganir næstu 12 mánaða, færðar meðal skammtímakrafna	660.210.398	563.411.482
Afborganir með gjalddaga eftir 12 mánuði eða síðar	21.902.214.734	21.169.744.506
	<u>22.562.425.132</u>	<u>21.733.155.988</u>

6. Langtímaskuldir

	30.06.2023	31.12.2022
Skuldir í íslenskum krónum:		
Verðtryggðar skuldir HARP 46 0217, vextir 3,55%	22.668.562.927	21.842.690.466
Lántökukostnaður færður til gjalda á líftíma láns	(106.137.795)	(109.534.479)
Langtímaskuldir samtals	<u>22.562.425.132</u>	<u>21.733.155.987</u>

Afborganir af langtímaskuldum félagsins í lok tímabilsins greinast þannig 12 mánaða tímabil á næstu árum:

Árið 2023/2024	660.210.398
Árið 2024/2025	684.022.654
Árið 2025/2026	708.694.193
Árið 2026/2027	734.256.039
Árið 2027/2028	760.740.334
Síðar	19.014.501.514
	<u>22.562.425.132</u>

Langtímaskuldir koma þannig fram í efnahagsreikningi:

Afborganir næstu 12 mánaða, færðar meðal skammtímaskulda	660.210.398
Afborganir með gjalddaga eftir 12 mánuði eða síðar	21.902.214.734
	<u>22.562.425.132</u>

Langtímaskuld að fjárhæð 22.562,4 milljónir króna er skuldabréf félagsins útgefið hjá Kauphöll Ísland, Nasdaq OMX, undir auðkenninu HARP 46 0217. Samkvæmt skilmálum skuldabréfsins er lánið verðtryggt með vísitölu neysliverðs og föstum vöxtum, 3,55%. Skuldabréfið er án uppgreiðsluheimildar.

Lánið er jafngreiðslulán (annuity lán), sem felur í sér að afborgun nafnverðs fer vaxandi eftir því sem líður á lánstímann. Áætluð afborgun næstu tólf mánuði er 660,2 milljónir króna, en áætluð heildargreiðsla með vöxtum og verðbótum miðað við vísitölu í júlí 2023 á næstu tólf mánuðum er áætluð 1.450,3 milljónir króna.

Skýringar

7. Viðskipti við tengda aðila

Tengdir aðilar félagsins eru móðurfélag, stjórn félagsins, framkvæmdastjóri, nánir fjölskyldumeðlimir fyrrgreindra aðila og aðilar sem hafa umtalsverð áhrif sem stórir hluthafar í félaginu. Þessi skilgreining er byggð á settum reikningsskilareglum. Eftirfarandi viðskipti voru við móðurfélagið Hörpu á tímabilu:

	Janúar - Júní 2023	Janúar - Júní 2022
<i>Rekstrarframlag og vaxtatekjur janúar til júní:</i>		
Rekstrarframlag	3.600.000	3.600.000
Vaxtatekjur (móðurfélagið Harpa ohf.)	1.532.396.692	1.413.866.541
<i>Hreyfingar á kröfum á tengda aðila janúar til júní</i>	Janúar - Júní 2023	Janúar - Júní 2022
Krafa á tengda aðila, staða í upphafi tímabils	21.763.887.693	20.450.885.366
Viðskiptakröfur	1.236.023	284.047
Greiddar afborganir	(312.108.495)	(274.370.856)
Reiknaðir vextir, 3,55% ásamt verðtryggingu	1.532.396.692	1.413.866.541
Greiddir vextir	(392.034.991)	(366.963.801)
Dreifing yfirverðs	(3.396.732)	(3.422.630)
Dreifing lántökukostnaðar	3.396.684	3.419.857
Krafa á tengda aðila, staða í lok júní	<u>22.593.376.874</u>	<u>21.223.698.524</u>
<i>Staða í lok</i>	30.6.2023	31.12.2022
Langtímakrafa á tengd félög (Harpa ohf.)	21.902.214.734	21.169.744.506
Næsta árs afborgun langtímakröfu á tengd félög (Harpa ohf.)	660.210.398	563.411.482
Langtímakrafa samtals	<u>22.562.425.132</u>	<u>21.733.155.988</u>
Kröfur á tengd félög, áfallnir vextir af langtímakröfu (Harpa ohf.)	28.921.933	30.001.754
Viðskiptastaða gagnvart Hörpu ohf.	2.029.809	729.951
Skammtímakröfur á tengda aðila samtals	<u>30.951.742</u>	<u>30.731.705</u>
Kröfur á tengda aðila samtals	22.593.376.874	21.763.887.693

Engar launagreiðslur eða greiðslur fyrir stjórnarsetu voru á tímabilinu.

8. Fjármögnun og fjárhagsleg staða

Á árinu 2013 var samþykkt að gefa út verðtryggðan skuldabréfaflokk, að fjárhæð allt að 19,5 milljarðar króna og var öll fjárhæðin gefin út á því ári. Skuldabréfin eru tryggð með veði í framlagi ríkis og borgar, fyrsta veðrétti í tónlistar- og ráðstefnuhúsinu Hörpu auk handveðsréttar í bankainnstæðum félagsins.

Íslenska ríkið og Reykjavíkurborg hafa skuldbundið sig til að greiða fasta árlega fjárhæð, sem bundin er vísitölu neysluverðs og er greiðsla vegna kaupa á þeirri þjónustu sem felst í því annars vegar að Harpa tónlistar- og ráðstefnuhús ohf. eigi tónlistar- og ráðstefnuhús og hins vegar reki aðstöðu í tónlistar- og ráðstefnuhúsinu Hörpu. Framlagið greiðist mánaðarlega í 35 ár frá 15. mars 2011. Framlagið greiðist inn á veðsettan bankareikning Hringis og verður ávallt fyrst nýtt til að greiða mánaðarlegar afborganir af skuldabréfum í skuldabréfaflokki félagsins.